

Tónleikar í Reykjavík í ágúst 1994

Öguð tónmýkt

TÓNLIST

Sólon Íslandus

KVARTETTSÖNGUR

Rósa Kristín Baldursdóttir, Kristjana Arngrímsdóttir, Hjörleifur og Kristján Hjartarsynir. Miðvikudagur 24. ágúst 1994.

TJARNARKVARTETTINN kennir sig við Tjörn í Svarfaðardal og hefur sungið fólki til skemmtunar fyrir norðan heiðar en er í fyrsta sinn með tónleika hér í Reykjavík. Loftið yfir kaffihúsinu á Sólon er ekki heppilegur tónleikasalur, þrátt fyrir góða hljóman hans, því bæði er þar að hafa hávaða frá kaffihúsinu niðri og umferðinni að utan. Ef margir telja sig eiga erindi við flytjendur, eins og átti sér stað að þessu sinni, er salurinn of lítill, enda þurftu nokkrir að standa út alla tónleikana og gerðu það án þess að kvarta.

Efnisskrá tónleikanna var skemmtileg blanda af alvarlegri og léttu tónlist og hófst á tveimur „madrígölum“, frönskum Pavane og Come again, eftir Dowland, sem voru þýðlega sungnir. Canf buy me love, eftir þá Lennon og McCartney, féll vel við madrigalana, enda skemmtilega útsett og vel flutt.

Ambrosíus kirkjufaðir (á 4.öld f. Krist) taldi að veraldleg lög fengu kirkjulegt gildi með því að breyta um texta við þau og sömuleiðis söngmáta, enda taldi hann ekkert réttlæti í því að skrattinn hefði einkarétt á öllum skemmtilegustu lögnum. Þegar negrasálmarnir höfðu verið raddsettir, samkvæmt evrópskri raddfærslutækni, urðu þeir gjaldgegnir á alvarlegum söngtónleikum og það á einnig við um dægurlög nútímans og öfugt, þegar svo nefnd „klassisk“ stef eru umrituð sem dægurlög. Canf buy me love, fékk þarna „mardregaliskan“ blæ og flutning samkvæmt því.

Fjögur lög úr íslenskum leikritum voru næst á efnisskránni,

Afmlæisdikturinn eftir Atla Heimi, Hún móðir mín, bráskemmtilegt lag eftir Jón Hlöðver Áskelsson og tvö lög eftir undirritaðan. Tjarnarkvartettinn leggur áherslu á leikandi flutning og veikan og agaðan söng, er aftur gerir söng þeirra innilegan, sem kom mjög vel fram í Enn syngur vornóttin, við kvæði Tómasar. Í lagi Jónasar Jónassonar, Vor í Vaglaskógi, í mjög skemmtilegri útsetningu Ríkharðs Arnar Pálssonar, var gamansamur leikurinn ráðandi og í ágætu lagi eftir Gunnstein Ólafsson, Gamalli vísu um vorið, var þessari tvennd söngmátans skemmtilega blandað saman.

Fimm dægurlög voru samkvæmt kenningu Ambrósíusar flutt í ágætum útsetningum. Jón Hlöðver Áskelsson fór höndum um Þú ert, eftir Þórarinn Guðmundsson og Sigurður Halldórsson sellóleikari átti þarna góðar raddsetningar á Kartarínu Jóns frá Hvanná. Þremur lögum eftir Spilverk þjóðanna: Daisy, Muse og Plant no Trees og Astasælu Gunnars Þórðarsonar, sem kvartettinn söng öll mjög vel.

Leikurinn var í fyrirrúmi í tveimur norrænum lögum, Svantes lykkelige Dag, eftir Benny Anderson og því margþvælda lagi Vakna Dísar, er var mjög skemmtilega útfært af kvartettinum. Tvö stemningslög, Næturljóð eftir Evert Taube, í þýðingu Þórarins Hjartarsonar og Úti í mó, sem Hjörleifur bróðir hans þýddi, voru frábærlega vel flutt, einkum þó það seinna.

Tónleikunum lauk með tveimur bandarískum dægurlögum, Moon River og Some of These Days. Eins og fyrr segir er það öguð hljómmýkt og leikræn túlkun sem er aðalmerki Tjarnarkvartettsins og þar hefur þjálfari þeirra, Gerit Schuil, lagt þeim sitthvað til, varðandi tónmótun og innilega og leikræna túlkun, sem náði oft náði til hjartans, eins t.d. í laginu Úti í mó.

Jón Ásgeirsson

Tjarnarkvartettinn með tónleika

TJARNARKVARTETTINN heldur sína fyrstu tónleika í Reykjavík á Sólon Íslandus miðvikudagskvöldið 24. ágúst klukkan 21.00. Kvartettinn skipa: Rósa Kristín Baldursdóttir sópran, Kristjana Arngrímsdóttir alt, Hjörleifur Hjartarson tenór og Kristján Hjartarson bassi.

Kvartettinn flytur allt sitt efni a capella, þ.e. án undirleiks. Á efnisskránni eru íslensk og erlend sönglög, madrigalar, leikhústónlist, djass og dægurlög.

Tjarnarkvartettinn kemur norðan úr Svarfaðardal. Hann hefur starfað í fimm ár og hefur á því tímabili komið víða fram og haldið tónleika norðan heiða. Nú eru þau loksins komin til Reykjavíkur og munu á tónleikunum á Sólon flytja efni sem væntanlega kemur út á geisladiski síðar í haust.